

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 114/2001**

**frá 28. september 2001**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2000 frá 28. júní 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/299/EB frá 6. apríl 2000 um fyrstu flokkun á þráðlausum búnaði og endabúnaði til fjarskipta og tilheyrandi auðkenni<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zzi (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/511/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zzj. **32000 D 0299:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/299/EB frá 6. apríl 2000 um fyrstu flokkun á þráðlausum búnaði og endabúnaði til fjarskipta og tilheyrandi auðkenni (Stjtíð. EB L 97, 19.4.2000, bls. 13).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 74 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 97, 19.4.2000, bls. 13.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/299/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

